

Reykjavík, 5. mars 2020
R20020292
0221

Forsætisnefnd

Tillaga áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins um fundaumsjónakerfi í borgarstjórnarsalnum.

Á fundi forsætisnefndar 27. febrúar sl. lagði áheyrnarfulltrúi Flokks fólksins fram svohljóðandi tillögu:

Tillaga Flokks fólksins um að fundaumsjónakerfi sem ekki er í notkun í borgarstjórnarsalnum verði fjarlægt og því skilað ef mögulegt er. Í kjölfar fjölgunar borgarfulltrúa Reykjavíkur úr 15 í 23 við síðustu borgarstjórnarkosningar var farið í umfangsmiklar breytingar á fundarsal borgarstjórnar í Ráðhúsi Reykjavíkur. Hluti af þeirri framkvæmd var uppsetning fundaumsjónakerfis sem var ætlað til aðgera fulltrúum kleift að tala úr sæti en í 20 grein samþykktar um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarsköp borgarstjórnar kemur fram að borgarfulltrúar skulu að jafnaði veita andsvör og gera stuttar athugasemdir úr sæti sínu. Fundarumsjónakerfið kostaði 34 milljónir. Í rúmt ára hefur fundarumsjónakerfi (hljóðnemar) verið á borðum hvers borgarfulltrúa í þessum tilgangi en þeir hafa ekki verið virkir. Það er mat borgarfulltrúa Flokks fólksins að mistök hafi verið gerð við að fjárfesta í slíku kerfi enda kerfið ekki í notkun og kemur varla til með að vera tekið í notkun. Þess utan er svona kerfi óþarfst þar sem hingað til hafa borgarfulltrúar gengið í pontu til að veita andsvör og gera stuttar athugasemdir. Ekki mælir gegn því að þeir geri það áfram.

Á sama fundi forsætisnefndar lagði áheyrnarfulltrúinn fram fyrirspurn fundaumsjónakerfið. Er fjallað í umsögn þessari um tillöguna auk þess sem henni er ætlað að vera svar við fyrirspurninni.

Samkvæmt breytingum á sveitarstjórnarlögum nr. 138/2011 fjölgaði borgarfulltrúum úr 15 í 23 vorið 2018. Viðhaldi á borgarstjórnarsalnum hafði verið frestað vegna þessa og var ráðist í það árið 2018 eins og gert hafði verið ráð fyrir í fjárfestingaáætlun Reykjavíkurborgar ásamt öðrum breytingum á borgarstjórnarsalnum. Tilgangurinn var tvíþættur, gera ráð fyrir 23 borgarfulltrúum og auka nýtingarmöguleika salarins m.a. með því að hafa fundarborð borgarstjórnar færانleg svo hægt yrði að nýta salinn líka fyrir stærri fundi og ráðstefnur

Reykjavíkurborgar. Tækni- og tækjabúnaður salarins og hússins alls var þar að auki að mestu upprunalegur, viðhaldfrekur og uppfyllti ekki nútíma kröfur enda hefur myndútsendingum verið bætt við. Engir möguleikar voru á rafrænni atkvæðagreiðslu borgarstjórnar, umsýsla vegna myndbandsupptöku var flókin og öll fundarumsjón krafðist mikillar „handavinnu“ sem hægt er að gera sjálfvirkari með betri kerfum. Það kerfi sem var notað krafðist þess að tveir utanaðkomandi tæknimenn sáu um fundarumsjónina (þ.e. tæknilegu máli) með tilheyrandi kostnaði. Ákveðið var að leita leiða til að einfalda fundaumsjónina og í kjölfarið voru gerðar breytingar á samþykkt um fundarsköp borgarstjórnar sem heimilar rafrænar kosningar og að heimilt verði að veita andsvör og gera stuttar athugasemdir úr sæti.

Í ársbyrjun 2018 hófst undirbúningur að útboði nr. 14228, fyrir ný tækjakaup fyrir borgarstjórnarsalinn. Verkefnið fól í sér að kaupa nýjan tækjabúnaði vegna upptöku og útsendingar á fundum borgarstjórnar og að kaupa sérstakt fundaumsjónakerfi (búnað vegna fundanna sjálfra) svo unnt væri að gera fundina sjálfvirkari. Gerð var krafa um að í kerfinu væri hægt að greiða atkvæði rafrænt og birta niðurstöðuna rafrænt í útsendingu. Að loknu útboði á evrópska efnahagssvæðinu var gengið til samninga við Exton ehf. um kaup á búnaðinum. Exton ehf. átti hagstæðasta tilboðið sem samþykkt var á fundi innkauparáðs þann 5. júlí 2018, en tilboðsfjárhæðin var kr. 22.300.567.- (ekki 34 milljónir eins og halddið er fram í fyrirspurn) Samkvæmt niðurstöðum útboðsins útvegaði samningsaðili annars vegar hugbúnað frá fyrirtækinu Arbor Media og hins vegar hljóðnemastöðvar frá fyrirtækinu Televic. Þessi búnaður stóðst þær kröfur sem gerðar voru skv. útboðinu. Uppsetning á kerfinu og búnaðinum hófst haustið 2018 en fljótlega kom í ljós að ýmsir hnökrar voru á kerfinu og það virkaði ekki eins og ætlast var til og kröfur voru gerðar til í útboðsgögnum. Eftir að samstarfsaðili Exton í Hollandi, gat ekki, þrátt fyrir ítrekaðar tilraunir, uppfyllt kröfur sem gerðar voru í útboðsgögnum m.a. um að halda tvöfalda mælendaskrá vegna andsvara þurfti að leita leiða vegna útboðsskilmálanna. Þetta leiddi til þess að Reykjavíkurborg og Exton ehf. náðu samkomulagi í júní 2019 um riftun og uppgjör vegna EES-útboðs nr. 14228 vegna kaupa á fundastjórnunarkerfi. Þrátt fyrir þessa niðurstöðu höfðu kaupin þegar leitt til þess að einungis þurfti einn tæknimann til að sinna fundunum í stað tveggja áður.

Í samkomulaginu kemur m.a. fram að Reykjavíkurborg heldur eftir hörðum búnaði sem keyptur var á grundvelli útboðsins þ.e. myndavélum, hljóðnemum frá Televic og hljóðnemastöðvum samtals að verðmæti kr. 4.595.252 án vsk. Þessum stöðvum fylgir jafnframt hugbúnaður sem unnt er að nota við borgarstjórnarfundi þ.m.t. til að greiða atkvæði rafrænt auk þess sem mögulegt verður að veita andsvör og gera stuttar athugasemdir úr sæti. Jafnframt er gert ráð fyrir að unnt verði að nota hljóðnemana og tækjabúnaðinn á öðrum fundum og ráðstefnum sem haldnar verða í salnum. Þessi nýja staða leiddi til þess að ákveðið var að efna til nýs útboðs, nú vegna tæknilegrar þjónustu við fundi borgarstjórnar Reykjavíkur. Á fundi forsætisnefndar 31. janúar 2020, eða tæpum mánuði áður en fyrirspurn þessi var lögð fram, fór fram kynning á niðurstöðum þess útboði sem er nr. 14705, tæknileg þjónusta við fundi borgarstjórnar Reykjavíkur. Áheyrnarfulltrúi Flokks fólkssins hafði þá áður lagt fram tillögu á fundi forsætisnefndar sem varðaði útsendingar á borgarstjórnarfundum sem var vísað frá þann 17. janúar sl. Við það tilefni var lögð fram umsögn skrifstofu borgarstjórnar þar sem fram kom að Innkaupaskrifstofa hafði f.h. skrifstofu borgarstjórnar óskað eftir tilboðum í tæknilega þjónustu við fundi borgarstjórnar. Um er að ræða umsjón með útsendingu til að streyma lifandi mynd á vef og streymisveit. Einmig skal streyma hljóði í rauntíma um streymisveitu. Útboðið er nr. 14705 um þjónustusamningur um tæknilega þjónustu við fundi borgarstjórnar Reykjavíkur, opnunartími og tilboðsfrestur til 17. janúar kl. 14.00. Í tæknilýsingu útboðsgagna kemur m.a. fram að það er bjóðanda að útvega

nauðsynlegan vél- og hugbúnað (streymistölva, myndstjórnarhugbúnaður o.s.frv.) til að streyma lifandi mynd á vef og streymisveit (t.d. Youtube/Facebook). Aukinheldur skal bjóðandi gera hljóðstraum af fundum aðgengilegan til streymis í rauntíma. Hugbúnaðurinn skal vera útgefinn og hafa verið notaður í a.m.k. eitt ár á almennum markaði. Upplýsingar um það sem fer fram á borgarstjórnarfundum skal vera framsett sem yfirlag á myndstraumi á sérstakri rás. Það inniheldur m.a. nafn borgarfulltrúa, tímasetning, mælendaskrá, niðurstöður rafrænna kosninga og málsheti. Hljóð og myndefni skal vera varðveisitt og afhent Reykjavíkurborg í samræmi við Skjalastefnu Reykjavíkurborgar og lög um opinber skjalasöfn nr. 77/2014 sem og reglur Þjóðskjalasafns Íslands um afhendingu á vörluútgáfum gagna úr rafrænum gagnakerfum afhendingarskyldra aðila. Myndefni skal afhent á skráarsniðinu AVI eða MOV með sem minnstri þjöppun. Hljóð skal afhent sem WAV, AIFF eða FLAC.

Í kjölfar kynningu á niðurstöðum útboðsins fyrir forsætisnefnd og innkauparáði var gengið til samninga við Skjáskot ehf., að undangengnu útboði nr. 14705, um tæknilega þjónustu við fundi borgarstjórnar Reykjavíkur. Samkvæmt því verður allur sá búnaður sem borgin hélt eftir þegar samningurinn við Exton var gerður upp notaður. Því er hvorki heimild né ástæða til að skila hljóðnemastöðvunum sem eru á borðum í borgarstjórnarsalnum. Nýir aðilar töku við tæknilegri þjónustu samkvæmt samningnum og sáu um útsendinguna 3. mars sl. og gafst það vel. Eftir að þeir hafa náð að kynna sér þann búnað sem til er og setja sig inn í fyrrkomulag fundanna munu þeir leggja mat á það, í samráði við forseta borgarstjórnar hvenær verður unnt að hefja rafræna atkvæðagreiðslu og/eða taka upp andsvör úr sætum. Nauðsynlegt er að prófa slíkar breytingar vandlega áður en ráðist er í að framkvæma þær.

Virðingarfallst

Helga Björk Laxdal
skrifstofustjóri borgarstjórnar